

Umferdaröryggi Fjallabyggð

Til : Fjallabyggð <fjallabyggd@fjallabyggd.is>;nordurland.eystra@logreglan.is
<nordurland.eystra@logreglan.is>;elmar.bjornsson@irn.is <elmar.bjornsson@irn.is>

Frá : Guðlaugur Magnús Ingason <gudlaugur@keyrum.is>

Heiti : Umferdaröryggi Fjallabyggð

Málsnúmer : 2405070

Málsaðili : Guðlaugur Magnús Ingason

Skráð dags : 29.05.2024 14:23:26

Höfundur : Guðlaugur Magnús Ingason <gudlaugur@keyrum.is>

Viðhengi [1000004718.jpg](#)[1000004718.jpg](#)
[1000004716.jpg](#)[1000004716.jpg](#)
[1000004717.jpg](#)[1000004717.jpg](#)
[1000004715.jpg](#)[1000004715.jpg](#)

UMFERÐARÖRYGGI

Þetta málefni brennur svolíttid á mér og hvað er að gerast í mínu bæjarfélagi. Að mínu mati eru þessi mál í lamasessi. Þegar ég keyri inni Ólafsfjörð blasir við mér skilti sem stendur á 35 km/h.

1.janúar 2020 tóku ný umferdarlög gildi, þar sem tekid er fram að hámarkshradi má eingöngu vera á helium tug, ekki hálfum.

Velti ég því fyrir mér hver hámarkshradinn í Ólafsfirði er? Því þegar ég keyri að bænum kem ég að þéttbýlisskilti áður en komid er að 35 skiltinu, ef mér skjálftast ekki þá er það tekid fram að þegar ekid er framhjá þéttbýlisskilti þá sé 50 km/h, nema annað sé tekid fram, það er vissulega tekid fram 35 km/h, en það er ekki til í lögunum. HVER ER ÞÁ HÁMARKSHRAÐINN? Er það ekki 50 km/h, mér skilst samt að fólk sé sektad af lögreglunni mida við 35 km/h. Þá er mér spurn, hver þarf að fara eftir lögunum ef lögreglan og stjórnýslan sjálf þarf ekki að gera það.

Einnig velti ég því fyrir mér af hverju er ekki búid að laga þetta, lögin tóku gildi 1.janúar 2020, er ekki bara ordid tímabært að fólk sem stjórn þessum hlutum sparki í rassgatið á sjálfu sér og lagi þetta, ef þetta snýst um peninga, sem allt virdist snúast um, er þá ekki bara hægt að fækka snittunum sem eru í bodi á fundum og kokteilbodunum, fólk getur alveg bordad og drukkid heima hjá sér, þetta er ekki sjálfbodavinna. Eða er stjórnýslan í þessum klassíska sandkassa leik eins og leikskólabörnin, leggjum skóflurnar og föturnar frá okkur og leysum þetta eins og fólk, þetta er ekki flókid, það verda allir að vera sammála, þetta stendur í lögunum. Þetta er ekkert vandamál, vegagerdin sér um götur sem liggja í gegnum bæjarfélög og bæjarfélögin sjá um hinar göturnar.

Af því að ég er byrjadur að tala um hámarkshrada, þá var gefid út af bænum ægilega flottar teikningar sem VERKVÍS vann fyrir þá, með hvernig ætti að laga umferdaröryggid í bænum, þar er lagt til að það verði 40 km/h. AF HVERJU? Það er nefnilega til hámarkshradi og svo raunhradi, allir vita hvað hámarkshradi þýdir, en raunhradi, það er einfaldlega hradinn sem allir keyra á, sem er oftast 10 km/h yfir hámarkshrada.

Þannig að ef það er 30 km/h, þá keyra flestir á 40 km/h og ef það verður 40 km/h, þá keyra flestir á 50 km/h, götu þar sem mjög mörg börn fara um í báðum bæjarkjörnum. Mig langar að setja upp mjög einfaldad dæmi, ef þu hoppar fram af svölum á blokk, þá er það eins og að hoppa fram af fyrstu hæð, er eins og keyra á, á 30 km/h, ef það er hoppad fram af annarri hæð, þá er það eins og að keyra á, á 40 km/h og ef það er hoppad fram af fjórdu hæð, þá er það eins og að keyra á, á 50 km/h, þannig ég spyr, af hvaða hæð viltu hoppa?

Svona af því að ég er byrjadur að rannta, hver fylgist með því að skilti og umferdaröryggi sé í lagi á

hverjum stad fyrir sig, bara í mínu bæjarfélagi er þetta ekki góðum málum, það vantar skilti víða á Siglufirði, á Ólafsfirði eru þau á mjög undarlegum stöðum, ætla ég að taka dæmi með bidskylduna á gatnamótum Hlíðarvegs og Hornbrekkuvegs, bidskyldumerkid er hengt á ljósastaur svo það sé hægt að spara peninga, því beygjan er ekki fyrir en einhverjum töluverðum metrum nedar og þar er málad í götuna merkingarnar fyrir bidskylduna. Hvada rugl er þetta?

Svo ég fari nú ekki að tala um hradahindranirnar sem voru settar nidur í Ólafsveginum, það eru örfáir metrar á milli þeirra og önnur þeirra er alveg ofaní innkeyrslunni á leikskólanum, hef ordid mjög oft vitni af því að bílar stoppa þarna komandi úr öllum áttum og enginn þorir að fara fyrstur því að það eru líka hjólandi og labbandi börn þarna og svo allt í einu er rokid af stad því allir eru ordnir of seinir í vinnu, hefði ekki mátt vanda valid betur á annarri hradahindruninni.

Skora ég hér með á stjórnsluna, bæjaryfirvöld, vegagerdina, lögregluna og innvidarráduneytid að rífa sig hreinlega í gang, því þetta er víða í lamasessi en bara hér hjá okkur.

Læt fylgja með nokkrar myndir sem ég tók af stöðunum sem ég tala um

Virdingafyllst og með kærri kvedja
Gudlaugur Magnús

Get [Outlook for Android](#)